

ANRÄTTA

IS





Design and Quality
IKEA of Sweden

ÍSLENSKA



Á síðustu síðu þessarar handbókar
er heildarlisti yfir alla viðurkennda
þjónustuaðila IKEA og símanúmer
þeirra hvers í sínu landi.



Efnisyfirlit

Öryggisupplýsingar	5	Þrif og viðhald	15
Lýsing raftækisins	8	Hvað á að gera ef...	17
Stjórnborð	9	Tæknilegar upplýsingar	18
Fyrsta notkun	9	Uppsetning	19
Dagleg notkun	10	Raftengingar	20
Töflur yfir eldun	13	Umhverfisvandamál	20

Öryggisupplýsingar

Áður en tækið er notað skal lesa upplýsingar um öryggi. Geymið þær til að geta leitað í þær síðar meir.

Ávallt skal fylgja öryggisleiðbeiningunum sem er að finna í þessum leiðbeiningum og á tækinu sjálfu. Framleiðandinn afsalar sér allri ábyrgð vegna vanrækslu á eftirfylgni leiðbeininganna, rangrar notkunar tækisins eða rangrar stillingar á stjórnhnöppum þess.

VARÚÐARRÁÐSTAFANIR

⚠ Ungabörn skulu ekki koma nærrí helluborðinu (0-3 ára). Ungum börnum (3-8 ára) ætti að halda frá tækinu nema stöðugt sé fylgst með þeim.

Börn sem eru 8 ára eða eldri og einstaklingar með minnkaða líkamlega, skynjunarlega eða andlega getu eða skort á reynslu og þekkingu meiga bara nota þetta tæki ef þeir eru undir eftirliti eða hafa fengið leiðbeiningar um örugga notkun og skilja hæturnar sem eru til staðar. Börn meiga ekki leika

sér að tækinu. Börn meiga ekki framkvæma hreinsun og notendaviðhald án eftirlits.

⚠ VIÐVÖRUN: Tækið og aðgengilegir hlutar þess hitna við notkun. Gætið þess að snerta ekki heita hluta þess. Börn undir 8 ára aldri skulu ekki koma nærrí tækinu nema undir stöðugu eftirliti fullorðinna.

⚠ Snertið ekki ofninn á meðan hitasundrunarferlið er í gangi (sjálfhreinsun) - hætta á brunasárum.

Haldið börnum og dýrum fjarri á meðan hitasundrunarferlinu stendur og eftir það (þar til herbergið hefur verið loftræst að fullu). Fjarlægja þarf úr holrúmi ofnsins það sem sullast hefur niður, sérstaklega fitu og olíu, áður en hitasundrunarferlið er hafið. Skiljið ekki eftir neina aukahluti eða efni í ofninum á meðan hitasundrunarferlið er í gangi.

⚠ Ef ofninn er settur upp undir helluborði, vertu þá viss um að slökkt sé á öllum brennurum og rafmagnshellum á meðan

hitasundrunarferlið er í gangi. - hætta á brunasárum.

⚠ Skiljið tækið aldrei eftir eftirlitslaust á meðan verið er að burrka mat. Ef tækið hentar til notkunar með hitastigsnema skal eingöngu nota nema sem mælt er með fyrur þennan ofn vegna eldhættu.

⚠ Haldið fótum eða öðrum brennanlegum efnum fjarri tækinu þar til allir hlutar þess hafa kólnað til fulls vegna eldhættu. Verið ávallt á varðbergi þegar fitu- eða olíurík matvæli eru elduð eða þegar áfengum drykkjum er bætt við vegna eldhættu.

Notið ofnhanska til að fjarlægja ílát og aukahluti úr ofninum.

Þegar eldun er lokið, opnið þá hurðina varlega, þannig að heitu lofti eða gufu sé smám saman hleypt út áður en holrúmið er nálgast - hætta á brunasárum. Hyljið ekki loftop sem hleypa heitu lofti úr ofninum framan á honum vegna eldhættu.

⚠ Farið að með aðgát þegar ofnhurðin er opin eða hálfopin til að forðast að rekast á hana.

LEYFILEG NOTKUN

⚠ **VARÚÐ:** Tækið er ekki ætlað til notkunar með ytri rofa, svo sem tímastilli, eða aðgreindu fjarstýringarkerfi.

⚠ Þetta tæki er ætlað til notkunar á heimilum og á álíka

stöðum, s.s.: í eldhúsi starfsfólks í verslunum, á skrifstofum og öðrum vinnustöðum; á sveitabæjum; af hálfu viðskiptavina á hótelum, vegahótelum, gistiheimilum og öðrum dvalarstöðum.

⚠ Engin önnur notkun er leyfileg (t.d. í kyndiklefum).

⚠ Tækið er ekki til notkunar í atvinnuþónaði. Notið tækið ekki utandyra.

⚠ Geymið ekki sprengifim eða eldfim efni (t.d. eldsneyti eða úðabrúsa) inni í eða nærrí tækinu vegna eldhættu.

UPPSETNING

⚠ Nauðsynlegt er að í það minnsta tveir aðilar meðhöndl og setji tækið upp vegna hættu á meiðslum. Notið hlífðarhanska við að taka úr pakkningum og setja upp - hætta á skurðum.

⚠ Uppsetning, þ.m.t. vatnsveitu (ef til staðar), raftengingar og viðgerðir skal eingöngu gera af þjálfuðum tæknimanni. Gerið ekki við eða skiptið út neinum hluta tækisins nema það sé sérstaklega tekið fram í notendahandbókinni.

Haldið börnum frá uppsetningarstaðnum. Þegar umbúðir hafa verið teknar utan af tækinu skal ganga úr skugga um að það hafi ekki skemmt við flutningana. Ef vandamál koma upp skal hafa samband

við næsta þjónustuaðila. Eftir uppsetningu skal geyma pökkunarúrgang (plast, frauðplast o.s.frv.) fjarri börnum - hætta á köfnun.

Nauðsynlegt er að aftengja tækið frá rafveitu áður nokkrar uppsetningaraðgerðir eru framkvæmdar - hætta á raflosti. Við uppsetningu skal tryggja að tækið skemmi ekki rafmagnssnúrur - hætta á eldsvoða eða raflosti.

Ekki gangsetja tækið fyrr en uppsetningu er lokið.

⚠️ Ljúkið við að saga úr innréttungunni áður en tækið er sett í og fjarlægið allan viðarspæni og sag. Lokið ekki rifunni á milli borðplötunnar og efri brúnar ofnsins vegna hættu á brunasárum.

Fjarlægið ofninn ekki úr pólystýrenumbúðunum fyrr en hann er settur upp.

⚠️ Pregar uppsetningu er lokið má ekki vera hægt að komast að botni ofnsins vegna hættu á brunasárum.

⚠️ Setjið tækið ekki upp fyrir aftan skrauthurð vegna eldhættu.

VIÐVARANIR VEGNA RAFMAGNS

⚠️ Merkispjaldið er á frambrún ofnsins (sést þegar hurðin er opin).

⚠️ Nauðsynlegt er að hægt sé að aftengja helluborðið með því að taka það úr sambandi ef innstungan er aðgengileg, eða með fjölskauta rofa sem er fyrir ofan klóna í samræmi við raftengingarreglur. Einnig er nauðsynlegt að jarðtengja helluborðið í samræmi við landsbundna staðla um rafmagnsöryggi.


⚠️ Notið ekki framlengingarsnúrur, fjöltengi eða millistykki. Rafmagnsíhlutir meiga ekki vera aðgengilegir notandanum eftir uppsetningu. Notið ekki tækið þegar þið eru blaut eða berfætt.

Notið ekki þetta tæki ef það hefur skemmda rafmagnssnúru eða tengil, ef það virkar ekki á réttan hátt, eða það hefur verið skemmt eða misst.

⚠️ Ef rafmagnssnúran er skemmd, þá verður að skipta henni út með eins snúru frá framleiðandanum, þjónustuaðila hans eða öðrum viðurkenndum aðilum til að forðast áhættu - hætta á raflosti.

⚠️ Ef skipta þarf um rafmagnssnúru skal hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð.


Lýsing raftækisins



- 1 Stjórnborð
- 2 Kælivifta (sést ekki)
- 3 Grill
- 4 Ofnljós
- 5 Ofnvifta
- 6 Neðri hitunarbúnaður (falinn)
- 7 Ofnhurð
- 8 Hliðargrindur
- 9 Tenging fyrir kjöthitamæli

Aukahlutir

Bökunarplata



1x

Djúpur bakki



1x

Ofngrind



2x

Útdraganlegar rennibrautir



1x

Kjöthitamælir





1x

Uppsetning ofngrindar og annarra fylgihluta


Setjið ofngrindina í þá hæð sem óskarð er eftir með því að beina afturhlutanum upp á við og láta afturhlutann (sem vísar upp á við) niður fyrst. Því næst skal renna grindinni lárétt eftir stýrigrindinni eins langt og hægt er.

Aðrir fylgihlutir, svo sem ofnbakki, eru settir í ofnninn lárétt með því að renna þeim eftir stýrigrindinni.

Ef þörf er á að kaupa aukahlut skal hringja í vottáða þjónustumiðstöð.



Stjórnborð



- A** Ýta-ýta valhnappur
- B** Tilbaka hnappur
- C** Ljós
- D** Skjár
- E** Staðfestingarhnappur
- F** Mínútustillir
- G** Ýta-ýta stillihnappur

Fyrsta notkun

Takið aukahlutina út úr ofninum og hitið hann upp í 200°C í um eina klukkustund til að losna við lykt af einangrunarefnum og hlífðarfeiti

STILLINGAR

Snúið „aðgerða“ hnapps **A** vísinum til að birta stillingu og snúið **G** hnappinum til að fara í undirvalmynd sem inniheldur fjórar skjástillingar sem hægt er að breyta þegar eldun er lokið, snúið hnappinum í upphaflega stöðu.

Klukka

Snúið **G** hnappinum til að birta KLUKKA. Tölustafirnir tveir til vinstri byrja þá að blikka, snúið **G** hnappinum til að stilla klukkustundirnar. Ýtið á **E** hnappinn til að staðfesta gildið og tölustafirnir tveir til hægri byrja að blikka. Snúið **G** hnappinum til að stilla mínútur og ýtið á **E** hnappinn til að staðfesta valið.

Hljóð

Gerið eftirfarandi til að virkja eða afvirkja hljóðmerkið:

1. Snúið **G** hnappinum til að birta „HLJÓÐ“
2. Ýtið á **E** hnapp til að staðfesta
3. Ýtið á **G** hnappinn til að velja óskaða stillingu

Inndraganlegir hnappar

Þessir hnappar eru notaðir með því að ýta á miðju þeirra.

Hnappurinn rennur út.

Snúið hnappnum í réfta stilingu.

Þegar matseld er lokið, snúið hnappinum í **0** og ýtið aftur á hann til að renna honum inn í upphaflega stöðu.

4. Ýtið á **E** hnapp til að staðfesta

Birtustig

Gerið eftirfarandi til að breyta birtustigi skjásins:

1. Snúið **G** hnappinum til að birta BIRTUSTIG og ýtið á **E** til að staðfesta.
2. Núverandi gildi birtustigs er sýnt
3. Snúið **G** hnappinum til að auka eða minnka birtustigið og staðfestið með því að ýta á **E**.

Orkusparnaður

1. Snúið **G** hnappinum til að birta „ECO“.
2. Ýtið á **E** til að fara í stillinguna (KVEIKT/SLÖKKT).
3. Snúið **G** hnappinum til að velja óskaða stillingu og staðfestið með því að ýta á hnapp **E**.

4. Þegar eldunaraðgerðin er í gangi, og ef Eco hamur er virkjaður, þá minnkar skjáinn birtustigið í lægsta stig eftir eina mínuðu, það slokknar á ofnlampanum eftir eina mínuðu af eldun og hægt að kveikja aftur á honum með því að ýta á hnapp **C**.

Dagleg notkun

Til að virkja aðgerð

- Veljið óskaða aðgerð með **A** hnappi og ýtið á **E** hnapp til að staðfesta.
- Hitastigið blikkar og hægt er að stilla með **G** hnappi og ýta á **E** hnapp til að staðfesta.
- Eldunartíminn er sýnilegur á skjánum, hægt er að breyta honum með **G** hnappi eða hafa hann óbreyttan fyrir tafarlausa gangsetningu og ýta á **E** hnapp til að staðfesta.
- Ef óskaður eldunartími var áður valinn þá sýnir skjáinn áætlaðan lokatíma, þú getur frestað honum með **G** hnappi og ýtt á **E** hnapp til að staðfesta töfina.

Forhitun

Forhitunin hefst sjálfkrafa þegar hún er tiltæk (sjá töfluna) og er innifalin í eldunartímanum ef þú velur hann áður en aðgerðin er sett í gang.

Ef þú velur hitastigið og eldunartíma þá hefst forhitunin sjálfkrafa. Ef þú velur ekki eldunartímann þá byrjar tímastíllirinn aðeins eftir að óskaðu hitastigi hefur verið náð.

Það kemur alltaf hljóðmerki þegar hitastigun er náð.

Töf á gangsetningu

Frestar lokum eldunartímans þegar tiltæk (athugið töfluna).

Kjöthitamælir

Setjið kjöthitamælinn í áður en aðgerð er virkjuð (athugið töfluna). Ef kjöthitamælirinn er settur í eftir að eldunartímið hefur verið staðfest, þá blikkar skjáinn með hitastigi kjöthitamælisins, notið **G** hnappinn til að stilla það og ýtið á **E** hnappinn til að staðfesta.

Töf á gangsetningu er ekki möguleg þegar kjöthitamælir hefur verið settur í.

Þegar kjöthitamælirinn nemur óskað hitastig þá heyrast 3 hljóðmerki og eldurnaraðgerðinni lýkur.

	Kerfi A Hnappur	Kerfi G Hnappur	FORHI-TUN	Hitastig 🌡	Tími ⌚	Töf á gangsetningu ⌚	Kjöthi-tamælir
	SLÖKKVA	-	-	-	-	-	-
	BLÁSTURSLOFT	-	X	X	X	X	X
	HEFBUNDIÐ (Hitun ofan og neðan frá)	-	X	X	X	X	X
	HEFBUNDINN BAKSTUR	-	X	X	X	X	X
	MIKIL ELDUN	-	X	X	X	X	X
	GRILL	GRILL	-	stig 1-2-3	X	X	-
	GRILL	TÚRBÓGRILL	-	stig 1-2-3	X	X	X
	BRAUD	BRAUD	X	X	X	-	-
	BRAUD	PÍTSUR	X	X	X	-	-
	SÉRRETTIR BLÁSTURSLOFT*	ECO	-	X	X	X	X
	SÉRRETTIR	AFPÍÐUN	-	-	X	X	-
	SÉRRETTIR	HALDA HEITU	-	65°	X	X	-
	SÉRRETTIR	LYFTING	-	30° 35° 40°	X	X	-
	HRÖÐ FORHITUN	-	X	X	X	-	-
	SJÁLFHREINSUN MED HITASUNDRUN	HITASUNDRUN	-	-	120 mín	X	-
	SJÁLFHREINSUN MED HITASUNDRUN	HITASUNDRUN- ECO	-	-	75 mín	X	-

MIKILVÆGT: Takið alla aukahluti úr ofninum meðan sjálvhreinsunin fer fram. Til að tryggja betri árangur við hreinsun ofnbotnsins.

MIKILVÆGT: Við sjálfreinsun með hitasundrun þá er ofnhurðinni sjálfkrafa læst og táknið birtist á skjánum. Hurðin helst læst við lok hreinsunarferlisins: „KÆLING” birtist á skjánum til að gefa til kynna að ofninn sé ennþá að kæla sig niður. Pegar ofninn hefur kælt sig niður í öruggt hitastig þá er hurðinni aflæst og á skjáinn sýnir tíma dagsins.

ATH.: ef sjálfvirk læsing hurðar gerist ekki á réttan hátt þá birtist táknið á skjánum. Ef hinsvegar hurðin helst læst vegna bilunar í læsingarbúnaðinum og „HURÐ LÆST” birtist á skjánum. Í þessu tilfelli skal hafa samband við viðurkennda þjónustumiðstöð.

Brúnun

Við lok eldunar þá gefur skjáinn til kynna fyrir ákveðnar aðgerðir möguleikann á aukabrénum. Pessa aðgerð er aðeins hægt að nota þegar eldunartími hefur verið stilltur.

Við lok eldunartímans sem stillt var á sýnir skjáinn: „ÝTIÐ Á [E] TIL AÐ BRÚNA”. Ýtið á [E], og ofninn byrjar 5 mínútna brúnunarferli. Pessa aðgerð er hægt að velja að hámarki tvisvar í röð.

Minútustillir


Pessi valkostur virkjar mínutustillinn aðeins þegar engar aðrar aðgerðir eru í gangi. Haldið áfram að ýta á ⊖ þar til ⊖ og «00:00» byrja að blikka á skjánum, veljið og ýtið á ok til að staðfesta. Valið hljóðmerki mun heyrist þegar tímastillirinn hefur lokið niðurtalningu.

Tafla yfir kerfi ofnsins

Ofninn hefur 5 eldunarhæðir. Byrjið að telja neðan frá.

Kerfi	Lýsing á kerfi
	SLÖKKVA Til að slökkva á ofninum.
	BLÁSTURSLOFT Til að elda mismunandi matvæli sem krefjast sama hitastigs á nokkrum hæðum (í mesta lagi á þremur hæðum) samfínis. Þetta kerfi er hægt að nota til að elda mismunandi matvæli án þess að lykt berist milli tegunda.
	HEFÐBUNDIÐ (Hitun ofan og neðan frá) Til að elda hvaða rétt sem er á einni ofngrind. Best er að nota stöðu tvö eða þrijú. Forhitiofniinn áður en maturinn er settur inn.
	HEFÐBUNDINN BAKSTUR Til að elda kjöt og bökur með fljótandi fyllingu (kryddaðri eða sætri) á einni grind. Notið stöðu tvö. Forhitiofniinn áður en eldað er.
	MIKIL ELDUN Til að elda stór kjötstykki (yfir 2,5 kg). Notið fyrstu eða aðra stöðu eftir stærð stykkisins. Ráðlegt er að snúa við kjötinu meðan eldað er fyrir jafnari brúnun. Best er að ausa á kjötið við og við til að forðast að það þorni.
	GRILL Til að grilla steikur, kebab-samlokur og pylsur, ofnbakað grænmeti eða grilla brauð. Best er að nota stöðu fjögur eða fimm. Pegar verið er að grilla kjöt er mælt með að nota söfnunarbakka til að safna vökkvanum sem myndast við matreiðslu: Staðsetjið pottinn í stöðu þrjú eða fjögur og bætið við 500 ml af vatni. Ofnhurðin ætti að vera lokað meðan eldað er.
	TÚRBÓGRILL Til að steikja stórar steikur (læri, nautasteik, kjúkling). Setjið kjötið í miðhillurnar. Notið ofnskúfuna til að safna safa úr kjötinu. Setjið hana í 1./2. hillu og bætið í um hálfum lítra af vatni. Ekki þarf að forhita ofninn. Ofnhurðin þarf að vera lokað meðan á matreiðslu stendur.
	BRAUÐ Til að baka mismunandi tegundir og stærðir af brauði. Gefið einfaldlega til kynna gildin sem þarf (hitastig og tíma) og ofninn mun sjá um eldunarferlið sjálfkrafa. Setjið deigið í stöðu tvö.

Kerfi	Lýsing á kerfi
	PITSUR Til að baka mismunandi tegundir og staðir af þísum. Gefið einfaldleggi til kynna gildin sem þarf (hitastig og tíma) og ofninn mun sjá um eldunarferlið sjálfkrafa. Setjið deigjó í stöðu tvö.
	ORKUSPAR-NADUR BLÁSTURSLOFT* Til að elda fylltar steikur og kjöt í sneiðum á einni hillu. Það kvíknar og sloknar á viftunni og hún blæs hóflega til að koma í veg fyrir að matvælin þorni um of. Í þessari ECO aðgerð helst ljósíð slökkt á meðan eldað er og hægt að kveikja tímabundið á því aftur með því að ýta á staðfestingarhnappinn. Til að fá sem besta orkunýtni er rétt að opna ekki ofnhurðina meðan á eldun stendur. Best er að nota þriðju hillu. Ekki þarf að forhita ofninn.
	AFPIÐUN Til að flyta fyrir afþróingu á matvælum. Setjið matvælin í miðhillu. Látið matvælin vera í umbúðunum til að koma í veg fyrir að þau þorni að utanverðu.
	HALDA HEITU Til að halda nýlega elduðum mat heitum og stökkum (t.d.: Kjöti, steiktum mat eða bökuðum búðingum). Setjið matvælin í miðhillu.
	LYFTING Fyrir bestu lyftingu á sætu eða krydduðu deigi. Til að tryggja gæði lyftingar þá virkjast aðgerðin ekki ef hitastig ofnsins er yfir 40°C. Setjið deigjó í stöðu tvö. Ekki þarf að forhita ofninn.
	HRÖÐ FORHITUN Til að forhita ofninn hratt. Við lok forhitunar þá velur ofninn sjálfkrafa HEFDBUNDNA aðgerð. Biðið eftir að forhitun ljúki áður en maturinn er settur inn í ofninn.
- +	STILLINGAR Til að stilla skjáinn (tíma, ljós, hljóðstyrk, orkusparnað)
	SJÁLFHREINSUN MED HITASUNDRUN Til að hreinsa matarleifar með mjög miklum hita (yfir 400 °C). Tímalengdin er sjálfkrafa stílt á 120 minútur. Veljið ECO x 75 minútú ferli í tilfelli smávegis óhreininda
	KJÖTHI-TAMÆLIR Kjöthitamælirinn gerir kleift að mæla hitastigið nákvæmlega (upp að 100°C) til að tryggja besta árangur við eldun. Eftir því hvaða mat er verið að elda þá er hægt að stilla þann kjarnahita sem óskað er. Það er mjög mikilvægt að staðsetja mælinn nákvæmlega til að ná fullkomnum árangri við eldun. Setjið mælinn alveg inn í kjötið þar sem það er þykkað, forðist bein og hluta með mikilli fitu (mynd 1). Fyrir alifuglakjöt þá skal setja mælinn á hlið, í miðja bringuna, og gæta þess að endinn lendi ekki í holum hluta (mynd 2). Í því tilfelli að þykkt kjötsins er mjög breytileg athugið þá hvort það sé nægilega vel eldað áður en það er tekið úr ofnínnum. Tengið enda mælisins við gatið sem staðsett er neðst til vinstri á stjórnborðinu



Pessi eiginleiki er notaður til viðmiðunar fyrir yfirlýsingu fyrir orkunýtni í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 65 / 2014

MIKILVÆGT:

Á meðan sjálfshreinsun á sér stað (hitasundrun) skal tryggja að fjarlægja alla aukahluti til að koma í veg fyrir að ytri hiti hurðarinnar hækki og að tryggja afkastameiri hreinsun á botni ofnsins.

MIKILVÆGT: Ef aðgerðin sem valin er passar ekki með notkun kjöthitamælis þá hefst eldun ekki fyrr en mælirinn hefur verið fjarlægður. Eftirfarandi skilaboð eru birt: FJARLÆGIÐ MÆLI

Töflur yfir eldun

Tegund matvæla	Kerfi	Forhitun	Hæð (teljið neðan frá)	Hitastig (°C)	Eldunartími (mín)
ÁBÆ-TISRÉTTIR, KÖKUR, O.FL.					
Gerbakstur	<input type="checkbox"/>	X	2/3	150-170	30-90
	<input checked="" type="checkbox"/>	X	1-4	160-180	30-90
Fylltar bökur (ostakaka, eplalengja, ávaxtabaka)	<input type="checkbox"/>	X	2	160-200	35-90
	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4	160-200	40-90
Kex, litlar bökur	<input type="checkbox"/>	X	3	150-170	20-45
	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4/5-3-1	150-170	20-45
Vatnsdeigsbollur	<input type="checkbox"/>	X	3	180-200	30-40
	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4	170-190	35-45
Marengs	<input type="checkbox"/>	X	2	90	150-200
	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4/5-3-1	90	140-200
Brauð	<input type="checkbox"/>	X	2	180-220	30-50
Pitsur	<input type="checkbox"/>	X	2	220-250	15-30
Brauð/pízzur/ focaccia (ítalskt flatbrauð)	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4/5-3-1	190-250	20-40
Frosnar pízzur	<input type="checkbox"/>	X	2	250	10-30
	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4	230-250	10-30
Kryddbökur (grænmetisbökur, ostabökur)	<input type="checkbox"/>	X	2	180-200	30-50
	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4/5-3-1	180-190	30-60
Smjördeigsbökur / vatnskex	<input type="checkbox"/>	X	2	190-200	20-30
	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4/5-3-1	180-190	20-40
Lasagna, bakað pasta, cannelloni, opnar bökur	<input type="checkbox"/>	X	2	190-200	45-65
Lasagna og kjöt	<input checked="" type="checkbox"/>	X	2-4	200	50-100***
Kjöt og kartöflur	<input checked="" type="checkbox"/>	X	1-4	190-200	45-100***
Fiskur og grænmeti	<input checked="" type="checkbox"/>	X	1-4	180	30-50***
Heil máltíð Ávaxtabaka (stig 5) / Lasagna (hæð 3)/kjöt (hæð 1)	<input checked="" type="checkbox"/>	X	1-3-5	180-190	40-120***
Steikt kjöt/kjötstykki með fyllingu	<input checked="" type="checkbox"/>	-	2	180-200	100-150***

Tegund matvæla	Kerfi	Forhitun	Hæð (teljið neðan frá)	Hitastig (°C)	Eldunartími (mín)
KJÖT					
Kjötbítar (kanína, kjúklingur, lamb)		—	2	180-200	60-100***
Grillað svínakjöt með puru 2 kg		X	2	170-190	110-150
Lamba-/kálfa-/ nauta-/svínakjöt 1 kg		X	2	190-200	80-120
Kjúklingur/kanína/ önd 1 kg		X	2	200-230	50-100
Kalkúnn/gæs 3 kg		X	2	200-230	150-200
FISKUR					
Bakaður fiskur/í álppappír 0,5kg (flök, heill fiskur)		X	2	170-190	30-50
GRÆNMETI					
Fyllt grænmeti (tómatar, kúrbítar, eggaldin)		X	2	180-200	50-70

Tafla yfir eldun með GRILL kerfi

Tegund matvæla	Kerfi	Forhitun	Hæð (teljið neðan frá)	Hitastig (°C)	Eldunartími (mín)
Ristað brauð		5'	5	3 (Hátt)	1-3
Fiskiflök/-sneiðar		5'	3/4	2 (Meðal)	15-30*
Pylsur/kjöt á teini/skammrif/ hamburgarar		5'	4/5	2-3 (Meðal-hátt)	15-30*
Lambalæri/skanki		—	3	2 (Meðal)	60-90**
Grænmetisgratín		—	3	3 (Hátt)	10-25
Bakaðar kartöflur		—	3	2 (Meðal)	35-60**
Steiktur kjúklingur 1-1,3 kg		—	2	2-3 (Meðal-hátt)	55-80**
Nautasteik, blóðsteikt 1 kg		—	3	2 (Meðal)	35-50**

Athugið: eldunarhiti og -tími eru aðeins til leiðbeiningar.

* Snúið matinum við þegar matreiðsla er hálfnuð

** Snúið matinum um tvo þriðju þegar matreiðsla er hálfnuð (ef þess er börf).

*** Áætlaður matreiðslutími: hægt er að fjarlægja rétti úr ofninum þegar viðkomandi telur þá nægilega matreidda.

þrif og viðhald

ÞRIF

⚠ VIÐVÖRUN!

- Notið aldrei gufuhreinsitæki.
- Þrífið ofninn aðeins þegar hann er orðinn snertiheitur.
- Takið ofninn úr sambandi við rafmagn.

Ofninn að utanverðu

i MIKILVÆGT: notið ekki ætandi eða slípandi hreinsiefni. Ef einhver slík efni komast í snertingu við raftækni þá hreinsið undir eins af með rökum klút.

- Þrífið yfirborð með rökum klút.
Ef yfirborðið er mjög óhreint þá bætið nokkrum dropum af uppþvottalegi í vatnið. Þurrkið síðan með þurrum klút.

Ofninn að innanverðu

i MIKILVÆGT: notið ekki slípandi svampa eða álbursta eða -svampa.

Þetta getur með tímanum eyðilagt glerungsyfirborð og glerið í ofnhurðinni.

- Eftir hverja notkun skal láta ofninn kólna niður og þvífa hann síðan helst þegar hann er enn volgur til að fjarlægja uppsöfnuð óhreinindi og matarbletti (t.d. af matvælum með hátt sykurinnihald).
- Notið viðeigandi hreinsiefni fyrir ofna og farið eftir leiðbeiningum framleiðanda til hins ítrasta.
- Þrífið glerið í ofnhurðinni með hentugum hreinsivökva. Hægt er að taka ofnhurðina af til að auðvelda þrif (sjá VIÐHALD). Innri flötur rúðunnar er sléttur til að auðvelda hreinsun.

ATHUGIÐ: þegar matur með miklu vatnsmagni er eldaður í langan tíma (t.d. pítsur, grænmeti o.s.frv.) getur vatnspéttning myndast innan á hurðinni og í kringum þéttið. Þegar ofninn er orðinn kaldur þá þurrkið af hurðinni með klút eða svampi.

⚠ VIÐVÖRUN!

- Við og eftir sjálfhreinsun með hitasundrun verður að halda öllum gæludýrum (sérstaklega fuglum) frá svæðinu þar sem tækið er staðsett.

Aukahlutir

- Leggið aukabúnaðinn í bleysi í vatn með uppþvottalegi strax eftir notkun, notið ofnhanska ef hlutirnir eru enn heitir.
- Hægt er að fjarlægja matarleifar auðveldlega með bursta eða svampi.


VIÐHALD

⚠ VIÐVÖRUN!


- Notið ofnhanska.
- Gætið þess að ofninn sé kaldur áður en eftifarandi aðgerðir eru framkvæmdar.
- Takið ofninn úr sambandi.

Til að fjarlægja stýrigrindurnar

haldið fast um ytri hluta grindarinnar og togð hana út úr ofninum til að losa stoðina og pinnana tvö úr opnumum.




Til að setja stýrigrindurnar aftur í
setjið grindurnar nærrí ofnmunninum og byrjið á því að setja pinnana tvö í opin. Setjið svo ytri hluta grindanna nærrí ísetningarástaðnum, setjið stoðina í og ýtið grindunum fast að veggjum ofnsins til að tryggja að stýrigrindin sé vel fest.




Ofnhurðin tekin af

1. Opnið ofnhurðina alveg.
2. Lyftið upp smellunum og ýtið þeim fram eins langt og þær komast (mynd 1).




Mynd 1


3. Lokið ofnhurðinni eins langt og hún kemst (A), lyftið henni upp(B) og snúið henni (C) þar til hún losnar (D) (Mynd. 2, 3, 4).



Mynd 2



Mynd 3




Mynd 4

Ofnhurðin sett á


1. Setjið hjarirnar í sæti sín.
2. Opnið ofnhurðina alveg.
3. Látið smellurnar niður.
4. Lokið hurðinni.

Að hreinsa ofnglerið

1. Eftir að hafa fjarlægt hurðina og lagt hana á mjúkt yfirborð þannig að handfangið vísí niður á við skal ýta á festiklemmurnar tvær og fjarlægja efri brún hurðarinnar með því að toga hana í áttina að þér.




2. Lyftið innra glerinu og halddið því með báðum höndum, fjarlægið það og leggið það á mjúkt yfirborð áður en það er hreinsað. Framkvæmið sömu aðgerð fyrir milliglerið.
3. Til að setja bæði milli- og innra glerið aftur rétt í skal tryggja að stafurinn „R“ sé áletraður í vinstra horninu. Setjið fyrst löngu hlið glersins sem gefin er til kynna með „R“ á stoðirnar og látið glerið síga á sinn stað.



4. Festið efri brúnina: Smellur mun gefa til kynna að glerið sé á réttum stað. Tryggið að þéttið sé fast áður en hurðin er sett aftur á.

Að skipta ljósinu út

1. Takið ofninn úr sambandi.



Mynd 5

2. Skrúfið peruhlífina af (mynd 5), skiptið um Peru (sjá athugasemd um gerð perunnar) og skrúfið peruhlífina aftur á.
3. Tengið ofninn aftur í samband við rafmagn.

ATHUGIÐ:

- Notið eingöngu 25W/230 V halógenperur af tegund G9, T300°C.
- Peran sem er notuð í tækinu er sérstaklega hönnuð fyrir raftæki og hentar ekki til lýsingar á heimilinu (reglugerð EB Nr. 244/2009).
- Perur eru fáanlegar hjá vottaðri þjónustumiðstöð IKEA.

Hvað á að gera ef...

Vandamál	Hugsanleg orsök	Lausn
Ofninn virkar ekki.	Ekkert rafmagn er til staðar.	Tryggið að rafveita sé tengd.
	Ofninn er ekki tengdur við rafveitu.	Setjið ofninn í samband við rafmagn.
Skjáinn sýnir bókstafinn „F” með tölustaf á eftir	Hugbúnaðarvandamál	Hafið samband við næstu viðhaldsþjónustumiðstöð og takið fram bókstafinn eða tölustafinn sem kemur á eftir „F”

Hafið samband við þjónustuver:

1. Athugið hvort þið getið ekki leyst vandamálið sjálf með hjálp leiðbeininganna sem eru í "Hvað á að gera ef..." töflunni.
2. Slökkvið á ofninum og kveikið á því aftur til að sjá hvort bilunin er viðvarandi. Ef bilunin er viðvarandi eftir ofangreindar athuganir skal hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð IKEA.

Alltaf þarf að gefa upp:

- stutta lýsingu á biluninni;

- tegund og gerð ofnsins;
- þjónustunúmer (númerið á eftir orðinu Service á merkisþjaldinu) sem er á hægri brún ofnsins (hún sést þegar ofnhurðin er opin);

S E R V I C E 0000 0000 0000



- Fullt heimilisfang;
- Símanúmer.


Ef viðgerðir eru nauðsynlegar skal vinsamlegast hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð IKEA (til að tryggja að ósvíknir varahlutir séu notaðir og að viðgerðir séu framkvæmdar á viðeigandi hátt).

Tæknilegar upplýsingar

Tegund vöru: Innbyggður rafknúinn bakaraofn	
Auðkenning vöru:	
Auðkenning vöru: ANRÄTTA 004.117.18	
Fjöldi ofnhólfa	1
Hitagjafi	Rafmagn
Fjöldi kerfa	9
Nýtanlegt rúmtak. Mælt með hliðargrindur og sjálvhreinsiplötur teknar burt	71
Flatarmál stærstu bökunarplötunnar í cm ²	1191
Orkunýtniflokkur (minnsta notkun)	A+
Orkunýtnistuðull	81,2
Orkunotkun Hefðbundin virkni (með hefðbundnu matmagni og efri og neðri hitun) kW/klst. í hverri lotu	0,89
Orkunotkun Þvinguð virkni viftu (með hefðbundnu matmagni og þvinguðum blæstri) kW/ klst./lotu	0,69
Efra hitaelement W	2200
Neðra hitaelement W	1000
Grillelement W	2200
Viftuhitaelement W	1800
Kælivifta W	33
Ofnpera W	25
Ofnvifta vött W	22
Heildar málgildi W	2450
Málstærðir	
Breidd í mm	595
Hæð mm	595
Dýpt mm	550
Massi tækisins ANRÄTTA Kg	32,2

Tæknilegar upplýsingar


Tæknilegar upplýsingar eru skráðar á merkispjaldið sem er inni í raftækinu.



Uppsetning


Hurðarlæsing

Til að opna hurðina með hurðarlæsingu, sjá mynd 1.



Mynd 1

Hægt er að taka öryggislæsinguna af með því að fara eftir myndunum (sjá mynd 2).



Mynd 2

Raftengingar

Gætið þess að spennan sem gefin er upp á merkispjaldi raftækisins sé sú sama og spenna rafkerfisins. Merkispjaldið er á frambrún ofnsins (sést þegar hurðin er opin). Látið löggiltan rafvirkja sjá um að skipta um

rafmagnssnúru (gerð H05 V2V2 x 1,5 mm²). Hafið samband ívð vottaða þjónustumiðstöð IKEA.

Umhverfisvandamál

⚠ VIÐVÖRUN! Tryggið að slökkt sé á tækinu og að það hafi verið tekið úr samband frá aflveitu áður en viðhald er gert vegna hættu á raflosti. Notið aldrei gufuhreinsitæki.

⚠ Notið ekki slípandi hreinsiefni eða áhöld til að þrífa glerið á ofnhurðinni því þau geta rispað yfirborðið sem gæti orðið til þess að glerið springur.

⚠ Tryggið að tækið sé látið kólna niður áður en hreinsun eða viðhald er gert. - hætta á brunasárum.

⚠ VIÐVÖRUN! Slökkvið á tækinu áður en skipt er um peru vegna hættu á raflosti.

FÖRGUN PÖKKUNAREFNA

Pökkunarefnið er 100% endurvinnanlegt og er merkt með endurvinnslutákninu.

 Mismunandi hlutum umbúðanna skal farga á ábyrgan hátt og í samræmi við staðarbundnar reglugerðir sem eiga við um förgun úrgangs.

FÖRGUN NOTAÐRA RAFTÆKJA

Þetta raftæki er framleitt úr endurvinnanlegum og endurnýtanlegum efnum. Farið því í samræmi við gildandi reglugerðir um förgun úrgangs. Nánari upplýsingar um merðferð, endurnýjun

og endurvinnslu heimilistækja skal fá hjá landsbundnum yfirvöldum, sorphirðustöð eða versluninni sem þú keyptir tækið hjá. Þetta tæki er merkt í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um rafrafnan úrgang 2012/19/EB, (WEEE). Með því að tryggja rétta förgun tækisins kemur þú í veg fyrir neikvæð áhrif þess á umhverfið og heilsu almennings.



Táknin  á vörunni eða meðfylgjandi gögnum gefur til kynna að það skuli ekki meðhöndla sem heimilisúrgang heldur að fara þurfi með hana sorphirðustöð til endurvinnslu á raftækjum og rafeindabúnaði.

ORKUSPARNAÐARRÁÐ

Forhiðið ekki ofninn nema það sé tekið fram í eldunartöflunni fyrir uppskriftina. Notið bökunarform sem eru með dökkmum lit eða glerung því þau draga betur í sig hita.

Matvæli sem þurfa lengri eldunartíma halda áfram að eldast jafnvel þó slökkt sé á ofninum.

SAMRÆMISYFIRLÝSING

Þetta tæki er í samræmi við kröfur evrópskra reglugerða nr.65/2014 og 66/2014 um visthönnun samkvæmt evrópskum staðli nr. EN 60350-1.



IKEA ÁBYRGÐ

Hve lengi gildir IKEA ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í fimm (5) ár frá þeim degi sem kaupin á tækinu eru gerð hjá IKEA. Upprunalegrar sölukvittunar er krafist til staðfestingar á kaupum. Ef unnin eru þjónustuverk sem falla undir ábyrgðina framlengir það ekki ábyrgðartíma tækisins.

Hver mun framkvæma þjónustuna?

IKEA þjónustuaðili mun veita þjónustu í eigin þjónustuaðstöðu eða í gegnum viðurkennt kerfi þjónustuaðila.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær yfir bilun á tæki sem til komin er vegna galla í samsetningu eða efnisgalla sem koma fram eftir kaupdag frá IKEA. Ábyrgðin gildir einungis ef um heimilisnotkun er að ræða. Undantekningar eru tilgreindar undir kaflanum „Hvað fellur ekki undir þessa IKEA ábyrgð?“ Innan þess tíma sem ábyrgðin tekur til fellur allur kostnaður, s.s. viðgerðir, varahlutir, vinnu- og ferðakostnaður á þjónustuaðilann, að því tilskildu að tækið sé aðgengilegt til viðgerðar án sérstakra útgjalda. Um þessa skilmála gilda viðmiðunarreglur Evrópusambandsins (Nr. 99/44/ESB) svo og staðbundnar reglur. Allir hlutir sem teknir eru úr tækjum og skipt er um eru eign IKEA.

Hvað gerir IKEA til að bæta úr vandamálini?

Þjónustuaðili á vegum IKEA skoðar tækið og ákvarðar hvort það fellur undir ákvæði ábyrgðarinnar. Ef það fellur undir ákvæði hennar mun þjónustuaðili á vegum IKEA, eða viðurkenndur samstarfsaðili hans, samkvæmt ákvörðun hans eingöngu, sinna viðgerð eða skipta tækinu út með samskonar eða svipaðri vörum.

Hvað fellur ekki undir þessa IKEA ábyrgð?

- Eðlilegt slit vegna notkunar.
- Skemmdir sem eru af völdum ásetnings eða hirðuleysis, skemmdir sem verða vegna þess að ekki er farið eftir notkunarleiðbeiningum, skemmdir

vegna rangrar uppsetningar eða tengingar við ranga spennu, skemmdir vegna rafefnafræðilegra efnahvarfa, ryðs, tæringar, vatnsskemmda svo sem ofmettunar kalks í vatni en takmarkast ekki þar við svo og skemmdir vegna óeðlilegra umhverfisáhrifa.

- Rekstrarvörur svo sem rafhlöður og perur.
- Aukahlutir og skrautmunir sem hafa ekki áhrif á eðlilega notkun tækisins svo og rispur og hugsanlegur litamismunur.
- Óhöpp sem verða vegna aðskotahluta eða efna sem notuð eru við hreinsun og losun á stíflum úr síum, frárennsliskerfum eða sápuskúffum.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum: postulíni, aukahlutum, leirvöru- og hnífaparakörfum, að- og frárennslisrörum, þéttungum, perum og ljósakúplum, skermum, höldum, hlífum og hlutum af hlífum. Þetta á við nema hægt sé að sanna að þessar skemmdir séu vegna framleiðslugalla.
- Tilfelli þar sem enginn galli finnst meðan á heimsókn tæknimanns stendur.
- Viðgerðir sem ekki eru framkvæmdar af tilnefndum þjónustuaðilum og/ eða viðurkenndum samningsbundnum þjónustuaðila eða ef upprunalegir varahlutir hafa ekki verið notaðir.
- Viðgerðir sem framkvæmdar eru vegna rangrar ísetningar eða samrýmist ekki tæknilysingu.
- Notkun tækis utan heimilis, t.d. í atvinnuskyni.
- Skemmdir í flutningi. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða á annað heimilisfang, er IKEA ekki ábyrgt fyrir neins konar skemmdum sem geta orðið á meðan á flutningi stendur. Ef IKEA afhendir vöruna hins vegar á heimilisfang viðskiptavinarins mun IKEA bæta skemmdir sem hafa orðið á meðan á afhendingu vörunnar stóð.
- Kostnaður vegna fyrstu uppsetningar IKEA tækisins.

- Hins vegar, ef þjónustuaðili IKEA eða löggiltur samningsþjónustuaðili gerir við eða skiptir um tækið á meðan á ábyrgðartímanum stóð, mun þjónustuaðili eða löggiltur samningsþjónustuaðili setja tækið aftur upp sem gert var við eða uppsetja endurnýtt tækið, ef þarf.

Þessar takmarkanir eiga þó ekki við um gallalaust verk sem unnið er af þjálfuðum sérfræðingi sem notar upprunalega varahluti frá okkur til að aðlaga tækið að tæknilýsingu annars ESB-ríkis.

Beiting landslaga

IKKEA ábyrgðin veitir kaupanda lögbundinn rétt sem nær til allra krafna samkvæmt í landslögum eða gengur lengra en þau. Þessir skilmálar takmarka þó ekki á neinn hátt rétt neytandans sem kveðið er á um í landslögum.

Gildissvæði

Vegna tækja sem keypt eru í einu ESB-landi og flutt yfir í annað ESB-land verður þjónusta veitt í samræmi við ábyrgðarskilyrði sem teljast eðlileg í nýja landinu.

Skuldbinding til að veita þjónustu innan ramma ábyrgðarinnar er aðeins fyrir hendi ef tækið samrýmist og er sett upp samkvæmt:

- tæknilýsingu landsins þar sem ábyrgðarkrafan er sett fram;
- leiðbeiningum um samsetningu og öryggishandbók tækisins.

Tileinkað EFTIR SÖLU fyrir IKEA tæki

Vinsamlegast hafið samband við ákveðinn þjónustuaðila IKEA til að:

- gera kröfу á þessa ábyrgð;
- biðja um nánari útskýringar á uppsetningu á IKEA tækinu í viðkomandi IKEA eldhúsinnrétti;
- biðja um nánari útskýringu á virkni IKEA tækjanna.

Til að tryggja bestu mögulegu þjónustu þarf að lesa þessar leiðbeiningar um samsetningu og/eða notendahandbókina áður en haft er samband við þjónustuaðilann.

Hvernig er haft samband við okkur ef þjónusta er nauðsynleg



Á síðstu síðu þessarar handbókar er heildarlisti yfir alla viðurkendna þjónustuaðila IKEA og símanúmer þeirra hvers í sínu landi.



Til að veita sem skjótasta þjónustu mælum við með því að nota sérstök símanúmer sem tiltekin eru í þessari handbók. Notið alltaf þau númer sem vísað er til í sérstökum notendaleiðbeiningum fyrir það tæki sem aðstoð er þörf fyrir. Einnig þarf alltaf að vísa til IKEA hlutarnúmerins (8-stafa talnakóða) og 12-stafa þjónustunúmer sem er á merkiplötu tækisins.



GEYMIÐ SÖLUKVITTUNINA!

Hún er sönnun fyrir kaupnum og er nauðsynleg þegar sótt er um ábyrgð. Sölukvittunin gefur einnig upp IKEA heiti og hlutarnúmer vörunnar (8-stafa talnakóða) fyrir hvert tæki sem þið hafið keypt.

Er þörf á frekari aðstoð?

Hafið samband við næstu IKEA verslun eða hrungið í þjónustuver ef þið hafið fleiri spurningar sem tengjast ekki eftirþjónustu tækja ykkar. Við mælum með því að þið lesið gögnin sem fylgja tækinu vandlega áður en haft er samband við okkur.

BELGIË - BELGIQUE - BELGIEN

Teléfono/Numéro de téléphone/Telefon-Nummer: 026200311
 Tarif/Tarif/Tarif: Lokaal tarief/Prix d'un appel local/Ortstarif
 Openingstijd: Maandag - Vrijdag 8.00 - 20.00
 Heures d'ouverture: Lundi - Vendredi 8.00 - 20.00
 Öffnungszeiten: Montag - Freitag 8.00 - 20.00

**БЪЛГАРИЯ**

Телефонен номер: 02 4003536
 Тарифа: Локална тарифа
 Работно време: понеделник - петък 8.00 - 20.00

ČESKÁ REPUBLIKA

Telefoniční číslo: 225376400
 Sazba: Místní sazba
 Pracovní doba: Pondělí - Pátek 8.00 - 20.00

DANMARK

Telefonnummer: 70150909
 Tarif: Lokal takst
 Åbningstid: Mandag - fredag 9.00 - 20.00
 Lørdag (Åbent uvalgde sandage, se IKEA.dk) 9.00 - 18.00

DEUTSCHLAND

Telefon-Nummer: 06929993602
 Tarif: Ortstarif
 Öffnungszeiten: Montag - Freitag 8.00 - 20.00

ΕΛΛΑΣ

Τηλεφωνικός αριθμός: 2109696497
 Χρέωση: Τοπική χρέωση
 Όρες λειτουργίας: Δευτέρα - Παρασκευή 8.00 - 20.00

ESPAÑA

Teléfono: 913754126 (España Continental)
 Tarifa: Tarifa local
 Horario: Lunes - Viernes 8.00 - 20.00

FRANCE

Numéro de téléphone: 0170480513
 Tarif: Prix d'un appel local
 Heures d'ouverture: Lundi - Vendredi 9.00 - 21.00

HRVATSKA

Broj telefona: 0800 3636
 Tarifa: Lokaalna tarifa
 Radno vrijeme: Ponedjeljak - Petak 8.00 - 20.00

ÍSLAND

Símanúmer: 5852409
 Kostnaður við símtal: Almennt minútaverð
 Opnumartími: Mánudaga - Föstudaga 9.00 - 17.00

ITALIA

Teléfono: 0238591334
 Tariffa: Tariffa locale
 Orari d'apertura: Lunedì - Venerdì 8.00 - 20.00

LATVIJA

<http://www.ikea.com>

LIETUVIŲ

Teléfono numeris: (0) 520 511 35
 Skambučio kaina: Vietos mokesčis
 Darbo laikas: Nuo pirmadienio iki penktadienio 8.00 - 20.00

LUXEMBOURG

Numéro de téléphone: 035220882569
 Tarif: Prix d'un appel local
 Heures d'ouverture: Lundi - Vendredi 8.00 - 18.00

MAGYARORSZÁG

Telefon szám: (06-1)-3285308
 Tarifa: Helyi tarifa
 Nyitvatartási idő: Hétfordi Péntekig 8.00 - 20.00

NORGE

Telefon nummer: 23500112
 Takst: Lokal takst
 Åpningstider: Mandag - fredag 8.00 - 20.00

NEDERLAND

Telefoon: 0900-235 45 32 en/of 0900 BEL IKEA
 0031-50 316 8772 international
 Tarief: Geen extra kosten. Alleen lokaal tarief.
 Openingstijd: Maandag t/m - Vrijdag 8.00 - 21.00
 Zaterdag 9.00 - 21.00
 Zondag / Feestdagen 10.00 - 18.00

ÖSTERREICH

Telefon-Nummer: 013602771461
 Tarif: Ortstarif
 Öffnungszeiten: Montag - Freitag 8.00 - 20.00

POLSKA

Numer telefonu: 225844203
 Stawka: Koszt połączenia według taryfy
 operatora
 Godziny otwarcia: Poniedziałek - Piątek 8.00-20.00

PORTUGAL

Telefone: 213164011
 Tarifa: Tarifa local
 Horário: Segunda - Sexta 9.00 - 21.00

ROMÂNIA

Număr de telefon: 021 2044888
 Tarif: Tarif local
 Orar: Luni - Vineri 8.00 - 20.00

РОССИЯ

Телефонный номер: 84957059426
 Стоимость звонка: Местная стоимость звонка
 Время работы: Понедельник - Пятница 9.00 - 21.00
 (Московское время)

SCHWEIZ - SUISSE - SVIZZERA

Telefon-Nummer/Numéro de téléphone/Telefono: 0225675345
 Tarif/Tarif/Tariffa: Ortstarif/Prix d'un appel local/Tariffa locale
 Öffnungszeiten: Montag - Freitag 8.00 - 20.00
 Heures d'ouverture: Lundi - Vendredi 8.00 - 20.00
 Orario d'apertura: Lunedì - Venerdì 8.00 - 20.00

SLOVENSKO

Teléfono číslo: (02) 50102658
 Cena za hovor: Cena za miestny hovor
 Pracovná doba: Ponedelok až piatok 8.00 - 20.00

SLOVENIJA

<http://www.ikea.com>

SRBIJA

Број телефона: 011 7 555 444
 стола: lokalna kurpc
 Радно време: Понедељак - субота 9.00 - 20.00
 недеља 9.00 - 18.00

SUOMI

Puhelinnumero: 0981710374
 Hinta: Yksikköhinta
 Aukioloaika: Maanantaista perjantaihin 8.00 - 20.00

SVERIGE

Telefon nummer: 0775-700 500
 Taxa: Lokal samtal
 Öppet tider: Måndag - Fredag 8.30 - 20.00
 Lördag - Söndag 9.30 - 18.00

UNITED KINGDOM - IRELAND

Phone number: 02076601517
 Rate: Local rate
 Opening hours: Monday - Friday 8.00am - 6.00pm
 Saturday 8.30am - 4.30pm
 Sunday 9.30am - 3.30pm

4000xxxxxxxx



23256

AA-xxxxxxxx-1